

Siða- og samskiptareglur stjórnar Frjálsa lífeyrissjóðsins

1. Gildissvið reglnanna

Reglur þessar taka til stjórnarmanna í Frjálsa lífeyrissjóðnum. Um framkvæmdastjóra sjóðsins, sem stjórn ræður til starfa, gilda starfsreglur sem stjórn setur framkvæmdastjóra. Þar sem framkvæmd dagslegs rekstrar sjóðsins er að öðru leyti úthýst til Arion banka, þá gilda reglur Arion banka um starfsfólk bankans sem sinnir rekstri og eignastýringu sjóðsins, t.d. almennar starfsreglur, starfs- og siðareglur fyrir starfsfólk, reglur bankans um gjafir og skemmtanir, reglur um verðbréfavíðskipti starfsmanna og ferðareglur. Stjórnarmenn skulu kynna sér ofangreindar reglur.

2. Markmið reglnanna og ábyrgð

Markmið reglnanna er að stuðla að góðum starfsháttum og samskiptum og koma í veg fyrir hvers kyns hagsmunaárekstra og óæskilega viðskiptahætti. Stjórn Frjálsa lífeyrissjóðsins gerir sér ljósa þá ábyrgð sem fylgir því að hafa umsjón með réttindum sjóðfélaga og fjármunum sem eru í eigu þeirra. Í ábyrgðinni felst m.a. að fara í hvívetna eftir þeim lögum og reglum er gilda, að hagsmunir sjóðfélaga séu hafðir í fyrirrúmi og að fjárfestingar sjóðsins byggi á góðu viðskiptasiðferði.

Stjórn lífeyrissjóðsins leggur ríka áherslu á að jafnræðis sjóðfélaga sé tryggt í allri starfsemi sjóðsins, þar á meðal upplýsingagjöf og framkvæmd fyrirmæla. Í samskiptum sínum við sjóðfélaga og aðra aðila sýnir stjórnin ávallt virðingu, sanngirni, kurteisi og heiðarleika.

3. Góðir starfshættir

Til að stuðla að því að stjórnin vinni að hagsmunum sjóðsins og allra sjóðfélaga skal gæta að óhæði stjórnarmanna gagnvart sjóðnum og stjórnendum hans.

Stjórnarmenn skulu leggja rækt við starf sitt og sinna því af kostgæfni. Þeir skulu leitast við að viðhalda og efla fagþekkingu sína, t.d. með því að sækja fundi, námskeið eða ráðstefnur sem tengjast lífeyrismálum. Öll störf og aðrar athafnir miða að því að vera lífeyrissjóðnum, sjóðfélögum og öðrum sem sjóðurinn veitir þjónustu til framdráttar. Stjórnarmenn skulu gæta þess innan sem utan vinnutíma að aðhafast ekkert það sem dregið getur í efa hæfni þeirra til að sinna störfum fyrir sjóðinn eða skaðað ímynd hans.

Stjórn tryggir eftir fremsta megni að starfsemi sjóðsins einkennist af gagnsæi og að upplýsingar þar að lútandi séu sjóðfélögum og öðrum sem sjóðurinn veitir þjónustu aðgengilegar og skýrar. Stjórnarmenn skulu sinna störfum sínum af trúnaði og vinna í samræmi við hlutleysi, fagmennsku og jafnræði.

4. Viðskipti stjórnarmanna með fjármálagerninga

Um viðskipti stjórnarmanna með fjármálagerninga gilda verklagsreglur um viðskipti stjórnarmanna og starfsmanna lífeyrissjóðsins með fjármálagerninga.

5. Hagsmunaárekstrar

Stjórnarmönnum ber að forðast hvers konar hagsmunaárekstra og vera vakandi fyrir öllum tengslum sem geta leitt til þeirra og þá mega þeir ekki taka þátt í meðferð máls ef aðstæður eru til þess fallnar að draga óhlutdrægni þeirra í efa. Stjórnarmenn skulu ávallt gæta þess að einkahagsmunir þeirra stangist ekki á við hagsmuni sjóðsins eða sjóðfélaga. Allar ákvarðanir sem teknar eru fyrir hönd sjóðsins skulu vera óháðar persónulegum hagsmunum og ekki undir áhrifum af öðrum skuldbindingum eða viðskiptum stjórnarmanna.

Nánari ákvæði um hæfi og vanhæfi stjórnarmanna er að finna í starfsreglum stjórnar.

6. Ferðir tengdar starfsemi sjóðsins

Stjórnarmönnum er heimilt að fara í ferð einu sinni á ári í boði rekstraraðila sjóðsins sem er til þess fallin að afla upplýsinga eða þekkingar sem að gagni koma við rekstur og eignastýringu sjóðsins og gera þannig stjórnarmenn hæfari til að sinna starfi sínu.

Stjórnarmenn þurfa eftir atvikum að sækja kynningar- og fræðslufundi um fjárfestingar eða aðra þætti í starfsemi sjóðsins sem skipulagðar eru af þjónustuaðilum og til þess fallnar að afla sjóðnum upplýsinga um viðskiptatækifæri, valkosti í eignastýringu og aðra þætti sem tengjast starfsemi sjóðsins. Með þjónustuaðilum er átt við alla aðila sem með einhverjum hætti eru í samskiptum eða viðskiptum við sjóðinn.

7. Boðsferðir

Stjórnarmönnum er óheimilt að þiggja boðsferðir af innlendum og erlendum þjónustuaðilum eða öðrum viðskiptavinum sjóðsins. Boðsferðir eru til að mynda skemmtiferðir hverskonar, s.s. veiðiferðir og golfferðir. Stjórnarmönnum er þó heimilt að þiggja ferðir sem eru ótengdar setu þeirra í stjórn sjóðsins.

8. Gjafir og boð

Meginreglan er að stjórnarmönnum er óheimilt að þiggja gjafir, boð eða önnur fríðindi frá þjónustuaðilum og viðskiptavinum lífeyrissjóðsins. Með þjónustuaðilum er átt við alla aðila sem með einhverjum hætti eru í samskiptum eða viðskiptum við sjóðinn. Undanþegnar eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum og verða ekki taldar til hlunninda samkvæmt mati skattayfirvalda. Jafnframt eru undanþegnar gjafir sem byggðar eru á persónulegum tengslum sem ekki verða rakin til viðskipta við lífeyrissjóðinn og boð á menningar- eða íþróttaviðburði á starfssvæði sjóðsins. Ennfremur er heimilt að þiggja viðeigandi viðurgjörning í tengslum við samskipti við þjónustuaðila. Hafa skal samráð við stjórnarformann eða varastjórnarformann ef vafi leikur á hvort heimilt sé að taka við gjöf eða þiggja boð.

9. Ákvörðun um vafaatriði

Ef stjórnarmaður er í vafa um hvort ákvæði þessara reglna eigi við skal hann leita álits stjórnarformanns eða varastjórnarformanns.

10. Brot á reglum

Stjórnarmaður sem hefur grun eða vitneskju um brot á reglunum skal upplýsa stjórnarformann eða varastjórnarformann um það. Brot á reglunum skal taka til umfjöllunar á stjórnarfundi.

11. Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi við staðfestingu stjórnar.

Samþykkt á stjórnarfundi 21. október 2025.